

## 271. Stjórnarfundur FEBRANG 09/02/2026 í Menningarsalnum á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon, Svavar Ólafsson, Elísabet Jóna Sverrisdóttir og Svavar Hauksson. Sigurborg Óskarsdóttir boðaði forföll..

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, það Sigdís Oddsdóttur að rita fundargerð. Svavar Hauksson les síðustu fundargerð.

1. Fundargerð frá 12. Janúar 2026 lesin og samþykkt.
2. Aðalfundur FEBRANG verður haldin þann 23/03/2026. Auglýsa þarf eftir formannsefni og fólki í stjórn. Auglýsa þarf einnig eftir tveim aðilum úr hverju sveitarfélagi, einum aðalmanni og einum til vara til að vera í öldungaráði. Einar er með ársreikninginn tilbúin, búið er að fara yfir hann og endurskoða. Finna þarf fundarstjóra og mun Dís sjá um að finna hann. Einar tekur að sér að finna einhvern til að vera með söngatriði. Það kemur betur í ljós á næsta fundi. Stefnt er að því að hafa vöflukaffi og óskar stjórn FEBRANG eftir aðilum til að sjá um það. Dís auglýsir eftir 4-5 aðillum.
3. Formaður félags eldri borgara á Selfossi boðar fund með stjórnnum annarra félaga á Suðurlandi. Fundurinn verður haldin þann 24/02/2026. Stjórn FEBRANG og starfsmaður áætla að mæta og boða komu sína.
4. Landsfundur LEB verður 29. Apríl nk. Stjórn FEBRANG sendir þrjá fulltrúa og þau eru Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir og Jóna Elísabet Sverrisdóttir.
5. Stefnt er að því að halda jónsmessuhátíð og er verið að skoða hvar hægt væri að hafa hana. Nokkrir staðir koma til greina og vonast er til að búið verði að finna stað fyrir næsta stjórnarfund.
6. Önnur mál.

Fundi slitiš kl. 15